

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. september 1984

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/157/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja

(84/424/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í viðauka tilskipunar 70/157/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/334/EBE ⁽⁵⁾, er mælt fyrir um hámarkshljóðstig vélknúinna ökutækja sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, og sem eru hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km á klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og vinnuvélum.

Til að hlífa íbúum í þéttbýli við hávaða ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hávaða frá ökutækjum. Slíkt er nú gerlegt vegna tækniframfara sem hafa orðið í smíði vélknúinna ökutækja.

Rétt er að breyta I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE og lækka leyfilegt hljóðstig í dB (A) í hverjum flokki ökutækja sem þar er getið um.

Með slíkri lækun er stigið stórt skref til að bæta umhverfið. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að gera ráð fyrir endurskoðun þessara ákvæða síðar í ljósi niðurstaðna úr vinnu framkvæmdastjórnarinnar við að mótun heildarstefnu, þar sem tillit verður tekið til allra aðalreglna bandalagsins um vélknúin ökutæki, einkum varðandi öryggi, umhverfisvernd og orkusparnað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 200, 27. 7. 1983, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 172, 2. 7. 1984, bls. 157.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 358, 31. 12. 1983, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 131, 18. 5. 1981, bls. 6.

Liður 5.2.2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE verði sem hér segir:

„5.2.2.1.

Leyfilegt hljóðstig

Hljóðstig ökutækja sem mælt er í samræmi við liði 5.2.2.2 til 5.2.2.5 í þessum viðauka má ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

	Flokkur ökutækja	Hljóðstig í dB (A)
5.2.2.1.1	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa ekki fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti	77
5.2.2.1.2	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með leyfilega hámarksþyngd yfir 3,5 tonnum og:	
5.2.2.1.2.1	— vélarafli innan við 150 kW	80
5.2.2.1.2.2	— vélarafli 150 kW eða meira	83
5.2.2.1.3	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti; ökutæki ætluð til vöruflutninga:	
5.2.2.1.3.1	— með leyfilega hámarksþyngd 2 tonn eða minna	78
5.2.2.1.3.2	— með leyfilega hámarksþyngd yfir 2 tonnum en innan við 3,5 tonn	79
5.2.2.1.4	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með leyfilega hámarksþyngd yfir 3,5 tonnum	
5.2.2.1.4.1	— með vélarafli innan við 75 kW	81
5.2.2.1.4.2	— með vélarafli 75 kW - 150 kW	83
5.2.2.1.4.3	— með vélarafli 150 kW eða meira	84

Þó skal

- fyrir ökutæki í flokkum 5.2.2.1.1 og 5.2.2.1.3 hækka hámarksgildi um 1 dB (A) ef þau eru knúin dísilhreyfli með beinni innspýtingu,
- fyrir ökutæki með leyfilega hámarksþyngd yfir tveimur tonnum sem ætluð eru til aksturs utan vega hækka hámarksgildi um 1 dB (A) ef vélarafli þeirra er innan við 150 kW og um 2 dB (A) ef vélarafli þeirra er 150 kW eða meira.“

2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1985 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum sem snerta leyfilegt hljóðstig eða útblásturskerfi:

- að neita að veita gerð vélknúins ökutækis EBE-gerðarviðurkenningu, gefa út skjalið sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/1267/EBE ⁽²⁾, eða veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða
- banna að ökutæki verði tekið í notkun

ef leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi þessarar gerðar öku-

tækis eða ökutækja er í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/157/EBE, eins og henni er breytt með tilskipun þessari.

2. Frá og með 1. október 1988 er aðildarríkjum:

- ekki lengur heimilt að gefa út skjalið það er um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/157/EBE, eins og henni er breytt með tilskipun þessari,
- heimilt að neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/157/EBE, eins og henni er breytt með tilskipun þessari.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 34.

Þó skal fyrir ökutæki í flokki 5.2.2.1.3 eins og skilgreint er í 1. gr. sem eru knúin dísilhreyfli og ökutæki í flokki 5.2.2.1.4 koma dagsetningin „1. október 1989“ í stað „1. október 1988“.

3. Frá og með 1. október 1989 er aðildarríkjum heimilt að banna að ökutæki verði tekin í notkun ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/157/EBE, eins og henni er breytt með tilskipun þessari.

Þó skal fyrir ökutæki í flokki 5.2.2.1.3 eins og skilgreint er í 1. gr. sem eru knúin dísilhreyfli og ökutæki í flokki 5.2.2.1.4 koma dagsetningin „1. október 1990“ í stað „1. október 1989“.

3. gr.

Ráðið tekur ákvörðun, eigi síðar en 31. desember 1990, um frekari endurskoðun á ákvæðum tilskipunar 70/157/EBE á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um nýjar ráðstafanir sem til greina koma og snerta reglur um vélknúin

ökutæki, þar sem taka skal tillit til öryggis, umhverfisverndar og orkusparnaðar.

4. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1985. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þar um þegar í stað.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1984.

Fyrir hönd ráðsins,

P. BARRY

forseti.